



Bættur námsárangur á Austurlandi

6. bekkur

LOGOS – skimun í lestri og TALNALKILL – skimun í stærðfræði

2. – 13. október 2017

Ágætu foreldrar/forráðamenn!

Áfram höldum við með verkefnið okkar Bættur námsárangur á Austurlandi¹, sem er verkefni til að efla lestur og stærðfræðipekkingu barna í fjórðungnum. Verkefnið er hugsað sem fimm ára ferli til að bæta námsárangur nemenda á Austurlandi. Áherslan er fyrstu árin á læsi og reikniaðgerðirnar fjórar.

Skimað verður í **lestri** og **stærðfræði** í 6. bekk. Kennsluráðgjafar Skólaskrifstofu

Austurlands munu sjá um að leggja skimanirnar fyrir.

Í **lestri** verður skimað með ákveðnum hlutum prófins **Logos**² fyrir nemendur.

Athugaður verður:

Leshraði - lestrarnákvæmni

Lesskilningur

Stafsetning

Lestur með hljóðaáferð og lestur út frá rithætti er aðeins prófað hjá þeim nemendum sem eru undir 30. hundraðsröð í leshraða.



Snúa

¹ Sjá umfjöllun um verkefnið inn á skolaust.is.

² Logos er rafrænt lestrarpróf sem lagt er fyrir nemendur til að meta hvort þeir eiga við lestrarerfiðleika að etja. Það er í 14 hlutum en við skimun verða einungis lagðir fyrir nokkrir þættir eins og áður segir. Ef nemendur sýna slakan leshraða og lesskilning við skimun er mikilvægt að kanna nánar undirstöðuþætti lestrar með því að leggja fyrir allt Logosprófið.

Niðurstöður skimunar **sýna stöðu nemenda í hundraðsröð miðað við jafnaldra** í þeim þáttum sem prófaðir eru.

Niðurstöður skimunar verða sendar foreldrum. Sýni nemandi slakan árangur eða undir 30. hundraðsröð í leshraða eða lesskilningi er mælt með fyrirlögn alls Logosprófsins.

Í stærðfræði verður skimað eftir erfiðleikum í reikningsaðgerðunum fjórum með fyrirlögn hluta úr prófinu Talnalykill. Talnalykill er greinandi stærðfræðipróf sem gefið er út af Námsmatsstofnun.

Niðurstöðum skimana verður skilað til umsjónarkennara, sérkennara og skólastjóra á sérstökum fundi og í framhaldi af þeim fundi fá foreldrar upplýsingar sendar um stöðu barna sinna í lestri, stafsetningu og reikningsaðgerðunum fjórum.

Gert er ráð fyrir góðu samstarfi við foreldra vegna heimalesturs og þjálfun í stærðfræði í framhaldi af skimunum.

Með bestu kveðju
Jarþrúður Ólafsdóttir
Björg Þorvaldsdóttir
Kennsluráðgjafar
Skólaskrifstofa Austurlands
Búðareyri 4 - 740 Reyðarfirði
Sími: 4705050
jarth@skolaust.is
bjorg@skolaust.is